



Borgarráð

Slit Aflvaka ehf. – Kaup Reykjavíkurborgar á hlutum í Malbikunarstöðinni Höfða hf.

Lagt er til að borgarráð samþykki að kaupa hluti Orkuveitu Reykjavíkur annars vegar og Faxaflóahafna sf. hins vegar í Malbikunarstöðinni Höfða hf. og gera kaupsamninga þess efnis við Orkuveitu Reykjavíkur annars vegar og Faxaflóahafnir sf. hins vegar. Skrifstofu borgarstjóra og borgarritara og fjármála- og áhættustýringarsviði verði falið að hafa umsjón með gerð kaupsamninganna og borgarstjóra veitt heimild til þess að undirrita samningana.

Greinargerð:

Lagt er til að borgarráð samþykki að kaupa hluti Orkuveitu Reykjavíkur annars vegar og Faxaflóahafna sf. hins vegar í Malbikunarstöðinni Höfða hf. og gera kaupsamninga þess efnis við Orkuveitu Reykjavíkur annars vegar og Faxaflóahafnir sf. hins vegar. Skrifstofu borgarstjóra og borgarritara og fjármála- og áhættustýringarsviði verði falið að hafa umsjón með gerð kaupsamningsins og borgarstjóra veitt heimild til þess að undirrita samningana.

Á hluthafafundi Aflvaka hf. sem haldinn var þann 12. febrúar s.l. samþykktu hluthafar meðal annars að breyta félagaforni félagsins í einkahlutafélag, að félaginu yrði slitið og að eignarhlutum sem Aflvaki á í Malbikunarstöðinni Höfða hf. yrði skipt á milli hluthafa í samræmi við eignarhlut þeirra í Aflvaka. Hluthafar Aflvaka eru Reykjavíkurborg (54,5%), Orkuveita Reykjavíkur (37,9%) og Faxaflóahafnir sf. (7,6%). Í samþykkt tillögu hluthafafundarins felst að Orkuveita Reykjavíkur fer með um 0,38% og Faxaflóahafnir sf. um 0,08% hlut í Malbikunarstöðinni Höfða hf.

Í samþykktum Malbikunarstöðvarinnar Höfða hf. eru ekki hömlur á meðferð hlutabréfa í félaginu og er hluthöfum heimilt að selja þau og veðsetja án afskipta félagsins. Orkuveita Reykjavíkur hefur óskað eftir að Reykjavíkurborg kaupi hlut hennar í Malbikunarstöðinni Höfða hf. Af hálfu Orkuveitu Reykjavíkur hefur verið lagt til að kaupverð hlutanna verði 5.000.000 kr. Fjármála- og áhættustýringarsvið Reykjavíkurborgar hefur lagt mat á verðið og gerir ekki athugasemdir við það. Reykjavíkurborg kynnti Faxaflóahöfnum sf. ósk Orkuveitu Reykjavíkur um gerð kaupsamnings og það verð sem Orkuveita Reykjavíkur lagði til. Hafa Faxaflóahafnir sf. óskað eftir því að Reykjavíkurborg kaupi hlut Faxaflóahafna sf. í Malbikunarstöðinni Höfða hf. Kaupverð hluta Faxaflóahafna sf. í Malbikunarstöðinni Höfða hf. miðað við sömu verðforsendur og hjá Orkuveitu Reykjavíkur eru 1.052.632 kr. Fallist borgarráð á þessa tillögu verður hlutafélagaskrá Malbikunarstöðvarinnar Höfða hf. gert viðvart.

Heiða Björg Hilmisdóttir
borgarstjóri